

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II HLUTI

Greining ársreikninga

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Greining ársreikninga		
Prófdagur:	31. janúar 2015	Kl.:	9:00 – 13:00
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblöð:	14 (þ.m.t. forsíða)
Leyfileg hjálpargögn:	Engin leyfileg hjálpargögn Netnotkun óheimil	Fylgiblöð:	Kennitölublað Tölulegar upplýsingar einnig rafrænt með prófinu

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og líta þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Verkefni 1 (48 mín. 20%) - Krossaspurningar

Merkið við eitt rétt svar með því skrá viðkomandi bókstaf við hlið númers spurningarinnar í excel skjalinu. Nota skal 360 daga á ári þar sem það á við, nema annað sé tekið fram. Hver spurning gildir 2% og aðeins eitt rétt svar er við hverri spurningu. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. (2%) Eftirfarandi upplýsingar eru úr ársreikningi Barra ehf. fyrir árið 2014 :

Óráðstafað eigið fé	18.000
Fasteign	55.000
Ógreiddur virðisaukaskattur	20.000
Birgðir	30.000
Langtímaskuldir	45.000
Fyrirframgreiddur kostnaður	20.000
Sjóður	35.000
Viðskiptaskuldir	36.000
Hlutfé	40.000
Ógreiddur kostnaður	12.000
Viðskiptakröfur	60.000
Bifreiðar	18.000
Fyrirframinheimtar tekjur	21.000

Hver er heildarfjárhæð skammtímaskulda ?

- a) 100.000
- b) 89.000
- c) 68.000
- d) 109.000
- e) Ekkert af ofangreindu

2. (2%) Í ársbyrjun námu eignir ATB ehf. kr. 254.879 og eigið fé nam kr. 12.725. Á árinu hækkuðu eignir um kr. 12.825 og skuldir hækkuðu um kr. 5.150. Hvað breyttist eigið fé mikið á árinu ?

- a) 20.400
- b) 7.675
- c) 242.154
- d) 267.704
- e) Ekkert af ofangreindu

3. (2%) Hvaða eftirfarandi fullyrðing er rétt m.t.t. laga um ársreikninga nr. 3/2006 ?

- a) Veltufjármuni skal ekki færa til eignar á hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði ef það er lægra
- b) Veltufjármuni skal færa til eignar á markaðsverði
- c) Veltufjármuni skal færa til eignar á söluverði
- d) Veltufjármuni skal færa til eignar á gangvirði

4. (2%) Hver eftirfarandi fullyrða er **rétt** :
- a) Rekstrarreikningur er skv. greiðslugrunni og sjóðstreymi skv rekstrargrunni
 - b) Rekstrarreikningur er skv. rekstrargrunni og efnahagsreikningur skv greiðslugrunni
 - c) Efnahagsreikningur er skv. greiðslugrunni og sjóðstreymi skv rekstrargrunni
 - d) Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur eru skv. rekstrargrunni
5. (2%) EBITDA hjá Gunnari ehf. var kr. 70.000 og afskriftir námu kr. 20.000. Hver var rekstrarhagnaður fyrirtækisins ?
- a) 70.000
 - b) 50.000
 - c) 90.000
 - d) 160.000
 - e) Ekkert af ofangreindu
6. (2%) Þegar upphafsbirgðir eru ofmetnar, þá er :
- a) Kostnaðarverð seldra vara vanmetið og hagnaður ofmetinn
 - b) Sala vanmetin og hagnaður vanmetinn
 - c) Álagning ofmetin og hagnaður ofmetinn
 - d) Kostnaðarverð seldra vara ofmetið og hagnaður ofmetinn
 - e) Ekkert af ofangreindu
7. (2%) Biðtími birgða hjá Koncar ehf. var 30 dagar á árinu 2014 og meðalstaða birgða á árinu 2014 var kr. 5.400.000. Kostnaðarverð seldra vara á árinu 2014 er því kr. :
- a) 162.000.000
 - b) 64.800.000
 - c) 32.400.000
 - d) 5.400.000
 - e) Ekkert af ofangreindu
8. (2%) Eigið fé Giftar ehf. var kr. 4.200.000 í árslok 2014 en hagnaður ársins 2014 nam kr. 1.200.000. Hlutfé var hækkað um kr. 1.000.000 þann 1. september 2014 og enginn arður var greiddur. Arðsemi eigin fjár á árinu 2014 var því :
- a) 40%
 - b) 33,3%
 - c) 50%
 - d) 45%
 - e) Ekkert af ofangreindu

9. (2%) Gerð reikningsskila fyrir Samband ehf. er í fullum gangi. Grunur leikur á að rekstrarhæfi félagsins sé við það að breyta. Mestar líkur eru á að endurskoðandi félagsins

- a) Láti það óafskipt þar sem reikningsskilin eru á ábyrgð stjórnar félagsins
- b) Láti stjórnarformann félagsins vita bréflega
- c) Geri fyrirvara í áritun sinni á reikningsskil félagsins
- d) Geri ekki neitt
- e) Ekkert af ofangreindu

10. (2%) Félög geta sótt um samsköttun skv lögum um tekjuskatt nr 90/2003 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hver eru þau ?

- a) að eignarhald móðurfélags sé a.m.k. 90%
- b) að félögin hafi sama reikningsár
- c) að samsköttun standi yfir í að minnsta kosti 5 ár
- d) allt af ofangreindu
- e) ekkert af ofangreindu

Verkefni 2 (67 mín. 28%) - Textaspurningar

Leitað er eftir stuttum og hnitmiðuðum svörum. Hafið í huga þau tímamörk sem hverri spurningu eru sett.

a) 3%

Jöfnunarregla er ein af meginreglum reikningshaldsins. Útskýrið hana og nefnið 2 dæmi um notkun hennar.

b) 4%

Sjóðstreymi skiptist í þrjá kafla sem allir tengjast efnahagsreikningi og rekstrarreikningi, þ.e. við gerð sjóðstreymis er að meginefni stuðst við fjárhæðir sem birtast í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi. Hverjir eru þessir þrír kaflar sjóðstreymis og hvernig tengist hver þeirra rekstrarreikningi og efnahagsreikningi ?

c) 3%

Nefnið tvö dæmi um matskennda liði í ársreikningi og hvers þeir eru taldir matskenndir.

d) 3%

Hvernig verður tekjuskattsskuldbinding til ?

e) 4%

Svarið eftirfarandi spurningum skattamál :

- Hversu háan tekjuskatt (í %) greiða hlutafélög vegna tekjuársins 2014 ?
- Hversu háan tekjuskatt (í %) greiða sameignarfélög vegna tekjuársins 2014?
- Hversu hár er fjármagnstekjuskattur (í %) á tekjuárinu 2014 ?
- Hversu hár er virðisaukaskattur (í %) af sérfræðipjónustu á tekjuárinu 2014 ?
- Jón seldi sumarbústað sinn á árinu 2014 fyrir kr. 3.000.000 en hann hafði keypt hann árið 2009 á kr. 2.000.000. Hve mikið (í krónum) þarf Jón að greiða í skatt vegna þessarar sölu ?

f) 4%

Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Nefnið skilyrði sem félag þarf að uppfylla til að fá slíka heimild og útskýrið nánar hvað í því felst.

g) 4%

Hvað eru samstæðureikningsskil ? Við gerð þeirra er ýmsum liðum eytt út, nefnið 3 þeirra.

h) 3%

Hvernig er skattlagningu arðstekna og söluhagnaðar hlutabréfa háttað hjá hlutafélögum annars vegar og sameignarfélögum hins vegar ?

Verkefni 3 (31 mín 13%)

Á næstu blaðsíðu er rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir Eyðu ehf. 31. desember 2014. Þú ert beðinn um að fylla inn í þær eyður sem eru í rekstrarreikningi- og efnahagsreikningi og einnig í tóma kassa neðanmáls. Ekki skal breyta þeim tölum sem fyrir eru. Fyrir liggja nokkrar kennitölur (hér að neðan) vegna ársins sem nýtast eiga við verkefnið. Notið 365 daga þegar nota skal kennitölur um veltuhraða.

Kennitölur og viðbótarupplýsingar :	
Veltuhraði krafna	18
Eiginfjárlutfall	36,0%
Veltuhraði birgða	6,25
Veltufjárlutfall	0,875
Lausafjárlutfall	0,458333333
Álagning í % var sú sama milli ára	

Rekstrarreikningur	2014	2013
Sala	9.000	8.000
Kostnaðarverð seldra vara		-5.000
Annar rekstrarkostnaður	-2.200	-1.800
Vaxtagjöld	-400	-200
Afskriftir		-300
Hagnaður	375	700
Efnahagsreikningur	2014	2013
Eignir		
Fastafjármunir:		
Fasteignir og vélar	3.900	3.000
Viðskiptavild	600	600
	4.500	3.600
Veltufjármunir:		
Birgðir		800
Viðskiptakröfur		600
Handbært fé		100
		1.500
Eignir samtals	6.600	5.100
Eigið fé og skuldir	2014	2013
Eigið fé:		
Hlutfé	300	300
Annað eigið fé	2.075	2.000
	2.375	2.300
Skuldir:		
Langtímaskuldir	2.325	2.100
Næsta árs afborganir	(500)	(400)
	1.825	1.700
Ýmsar skammtímaskuldir		700
Næsta árs afborganir	500	400
		1.100
Skuldir samtals	4.225	2.800
Eigið fé og skuldir samtals	6.600	5.100
Arður greiddur á árinu var		
Fjárfesting í fasteignum og tækjum á árinu var		

Verkefni 4 (34 mín. 14%)

Hér að neðan eru rekstrar- og efnahagsreikningar þriggja félaga.

<u>Hreinsitækni ehf.</u>					
Rekstrarreikningur	2014	2013			
Sala	550	700			
Laun og tengd gjöld	-400	-490			
Húsnæðiskostnaður	-100	-90			
Annar rekstrarkostnaður	-80	-70			
Afskriftir	-10	-10			
Rekstrarhagnaður (-tap)	-40	40			
Nettó vaxtagjöld	-20	-20			
Hagnaður (tap) fyrir skatta	-60	20			
Skattur	12	-4			
Hagnaður (tap) ársins	-48	16			
Efnahagsreikningur					
Eignir	2014	2013	Skuldir og eigið fé	2014	2013
<u>Fastafjármunir</u>			<u>Eigið fé</u>		
Vélar og tæki	80	90	Hlutfé	10	10
Tekjuskattsinneign	12	0	Annað eigið fé	-13	25
				-3	35
	92	90			
<u>Veltufjármunir</u>			<u>Langtímaskuldir</u>		
Birgðir rekstrarvöru	20	30	Skuldabréfalán	40	50
Viðskiptakröfur	140	170		40	50
Handbært fé	5	20	<u>Skammtímaskuldir</u>		
	165	220	Viðskiptaskuldir	100	130
			Næsta árs afborganir	10	10
			Yfirdráttur	70	40
			Aðrar skammtímaskuldir	40	45
				220	225
Eignir alls	257	310	Skuldir og eigið fé	257	310

<u>Tölvuverslunin ehf.</u>						
Rekstrarreikningur	2014	2013				
Sala	1220	1200				
Kostnaðarverð seldra vara	-610	-450				
Laun og tengd gjöld	-260	-240				
Annar rekstrarkostnaður	-200	-180				
Virðisrýmun viðskiptavildar	-100	0				
Afskriftir	-20	-20				
Rekstrarhagnaður (-tap)	30	310				
Nettó vaxtagjöld	-55	-50				
Hagnaður (tap) fyrir skatta	-25	260				
Skattur	5	-52				
Hagnaður (tap) ársins	-20	208				
Efnahagsreikningur						
Eignir	2014	2013	Skuldir og eigið fé	2014	2013	
<u>Fastafjármunir</u>			<u>Eigið fé</u>			
Viðskiptavild	300	400	Hlutfé	20	20	
Vélar og tæki	50	70	Annað eigið fé	140	160	
Tekjuskattsinneign	5	0		160	180	
	355	470				
<u>Veltufjármunir</u>			<u>Langtímaskuldir</u>			
Birgðir	310	300	Skuldabréfalán	230	300	
Viðskiptakröfur	300	290		230	300	
Handbært fé	40	30	<u>Skammtímaskuldir</u>			
	650	620	Viðskiptaskuldir	230	220	
			Næsta árs afborganir	70	70	
			Rekstrarlán	215	230	
			Aðrar skammtímaskuldir	100	90	
				615	610	
Eignir alls	1005	1090	Skuldir og eigið fé	1005	1090	

<u>Eignarhaldsfélagið ehf.</u>						
Rekstrarreikningur	2014	2013				
Vaxtatekjur	40	50				
Vaxtagjöld	-75	-70				
Gengistap	-35	-30				
Virðisbreyting hlutabréfa	-220	-40				
Annar rekstrarkostnaður	-35	-30				
Tap ársins	-325	-120				
Efnahagsreikningur						
Eignir	2014	2013	Skuldir og eigið fé	2014	2013	
<u>Fastafjármunir</u>			<u>Eigið fé</u>			
Hlutabréfaeign	280	500	Hlutfé	150	150	
Skuldabréfaeign	100	120	Annað eigið fé	-375	-50	
				-225	100	
	380	620				
<u>Veltufjármunir</u>			<u>Langtímaskuldir</u>			
Skammtímakröfur	20	20	Skuldabréfalán	330	375	
Handbært fé	0	10		330	375	
			<u>Skammtímaskuldir</u>			
	20	30	Viðskiptaskuldir	15	10	
			Næsta árs afborganir og vanskil	200	100	
			Yfirdráttur	60	50	
			Aðrar skammtímaskuldir	20	15	
				295	175	
Eignir alls	400	650	Skuldir og eigið fé	400	650	

Heiti hvers félags segir til um í hvaða atvinnugrein það starfar.

Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum :

- a) (2%) Hvað er rekstrarhæfi ?
- b) (6%) Eru félögin rekstrarhæf ? Svarið fyrir hvert félag og rökstyðjið svarið með vísan til þeirra upplýsinga sem koma fram í rekstrar- og efnahagsreikningi og reiknið a.m.k. eina kennitölu máli ykkar til rökstuðnings.
- c) (3%) Hvaða ófjárhagslegir fyrirboðar um rekstrarstöðvun gætu verið til staðar hjá hverju félagi m.t.t. þeirrar atvinnugreinar sem þau starfa í ?
- d) (3%) Hvaða áritun er líklegt að endurskoðandi félagsins myndi gefa á reikningsskil hvers félags, að því gefnu að um endurskoðuð reikningsskil sé að ræða ?

Verkefni 5 (60 mín. 25%)

Grettir hf. er félag sem stundar viðskipti á sviði verslunar og hefur tekið stefnuna á skráningu í Kauphöll. Áður en að því kemur stendur til að stækka félagið með ytri vexti, þ.e. að yfirtaka annað félag í sömu atvinnugrein. Framkvæmdastjóri félagsins er búinn að koma auga á tvö álitleg fyrirtæki og á næstu blaðsíðu eru tölur úr rekstrar- og efnahagsreikningum þessara tveggja félaga, Hóls ehf. og Fjalls ehf., sem bæði eru skráð á markað. Um er að ræða upplýsingar úr ársreikningum árunna 2010-2014.

Verkefni þitt er :

- a. Reikna út fyrir árin 2010-2014 fyrir bæði félögin, Hól ehf. og Fjall ehf. kennitölurnar (15%)
 - i. Meðalálagning
 - ii. Eiginfjárlutfall
 - iii. Veltufjárlutfall
 - iv. Lausafjárlutfall
 - v. Veltuhraða birgða
 - vi. Biðtíma birgða
 - vii. Innheimtutíma krafna
 - viii. EBITDA
 - ix. V/I hlutfall
 - x. Arðsemi eigin fjár
 - xi. EBITDA margfaldarann (V/EBITDA)
 - xii. V/H hlutfall
 - xiii. Markaðsverðmæti
 - xiv. EBITDA / sala
 - xv. Virkur tekjuskattur
- b. Forsvarsmenn Grettis hf. vilja umfram allt gera góð kaup og biðja þig því um ráðleggingar um hvort félagið sé betra að kaupa, en einnig vilja þeir bæta stöðu hins sameinaða fyrirtækis að lokinni yfirtöku, en það sem er ofarlega í huga forsvarsmanna Grettis hf. eru kennitölur sem snúa að rekstri og nýtingu fjármagns. Rökstuðningur skal fylgja. (10%)

Fylgiskjal vegna verkefnis 5

Hóll ehf.							
Rekstrarreikningur 2010-2014 (milljónir króna)							
			2014	2013	2012	2011	2010
Sala			13.200	12.600	12.300	12.000	11.500
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu			(9.200)	(8.900)	(8.900)	(8.800)	(8.400)
Rekstrargjöld, önnur en afskriftir			(2.300)	(2.200)	(2.100)	(2.000)	(1.900)
Afskriftir			(1.000)	(800)	(600)	(600)	(600)
Vextir			(250)	(220)	(210)	(190)	(200)
Skattar			(90)	(100)	(100)	(80)	(80)
Hagnaður ársins			360	380	390	330	320
Efnahagsreikningur í lok áráanna 2010-2014 (milljónir króna)							
Eignir			31/12 14	31/12 13	31/12 12	31/12 11	31/12 10
Fastafjármunir:							
Óefnislegar eignir			1.500	1.500	1.500	1.500	1.500
Fasteignir			1.600	1.700	1.800	1.900	2.000
Tæki			1.400	1.500	1.400	1.700	2.000
			4.500	4.700	4.700	5.100	5.500
Veltufjármunir:							
Birgðir			2.000	2.100	2.000	1.800	1.800
Viðskiptakröfur			1.660	1.350	1.570	1.380	1.100
Handbært fé			100	150	100	150	100
			3.760	3.600	3.670	3.330	3.000
Eignir samtals			8.260	8.300	8.370	8.430	8.500
Eigið fé og skuldir							
Eigið fé:							
Hlutfé			100	100	100	100	100
Annað eigið fé			2.360	2.000	1.620	1.230	900
			2.460	2.100	1.720	1.330	1.000
Skuldir:							
Langtímaskuldir			3.000	3.500	4.000	4.500	5.000
Næsta árs afborganir			(500)	(500)	(500)	(500)	(500)
			2.500	3.000	3.500	4.000	4.500
Ýmsar skammtímaskuldir			2.800	2.700	2.650	2.600	2.500
Næsta árs afborganir			500	500	500	500	500
			3.300	3.200	3.150	3.100	3.000
Skuldir samtals			5.800	6.200	6.650	7.100	7.500
Eigið fé og skuldir samtals			8.260	8.300	8.370	8.430	8.500
			0	0	0	0	0
Markaðsgengi í árslok			60	55	50	45	40

Fjall ehf.							
Rekstrarreikningur 2010-2014 (milljónir króna)							
			2014	2013	2012	2011	2010
Sala			18.480	17.640	17.220	16.800	16.100
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu			(13.100)	(12.650)	(12.600)	(12.500)	(11.900)
Rekstrargjöld, önnur en afskriftir			(3.340)	(3.250)	(3.150)	(2.980)	(2.810)
Afskriftir			(1.400)	(1.120)	(840)	(840)	(840)
Vextir			(210)	(200)	(220)	(180)	(190)
Skattar			(90)	(90)	(75)	(60)	(65)
Hagnaður ársins			340	330	335	240	295
Efnahagsreikningur í lok áráanna 2010-2014 (milljónir króna)							
Eignir			31/12 14	31/12 13	31/12 12	31/12 11	31/12 10
Fastafjármunir:							
Óefnislegar eignir			2.100	2.100	2.100	2.100	2.100
Hlutabréfaeign			800	750	800	800	750
Tæki			1.800	1.900	2.000	2.200	2.400
			4.700	4.750	4.900	5.100	5.250
Veltufjármunir:							
Birgðir			3.200	3.000	2.900	2.800	2.800
Viðskiptakröfur			2.300	2.200	2.100	1.800	1.500
Handbært fé			200	250	200	200	250
			5.700	5.450	5.200	4.800	4.550
Eignir samtals			10.400	10.200	10.100	9.900	9.800
Eigið fé og skuldir							
Eigið fé:							
Hlutfé			100	100	100	100	100
Annað eigið fé			3.645	3.305	2.975	2.640	2.400
			3.745	3.405	3.075	2.740	2.500
Skuldir:							
Langtímaskuldir			3.700	3.900	4.100	4.300	4.500
Næsta árs afborganir			(200)	(200)	(200)	(200)	(200)
			3.500	3.700	3.900	4.100	4.300
Ýmsar skammtímaskuldir			2.955	2.895	2.925	2.860	2.800
Næsta árs afborganir			200	200	200	200	200
			3.155	3.095	3.125	3.060	3.000
Skuldir samtals			6.655	6.795	7.025	7.160	7.300
Eigið fé og skuldir samtals			10.400	10.200	10.100	9.900	9.800
			0	0	0	0	0
Markaðsgengi í árslok			75	70	65	60	55